ORKUSTOFNUN

# Varðar jarðhitalíkur við Víðimýri

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-84/03**

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1984-03-14

Greinargerð
HK-84/03
PP

---

VARÐAR JARÐHITALÍKUR VIÐ VÍÐIMÝRI

Á Jarðhitadeild Orkustofnunar eru til nokkur gögn um jarðhita á Víðimýri og nágrenni og hefur verið reynt að safna þessum upplýsingum saman og gefa umsögn á grundvelli þeirra.

Við athugun sem gerð var 1959 (af Jóni Jónssyni jarðfræðingi) kom fram að volgt vatn hefur fundist í skurði neðan túns á Víðimýri. Vatnið kemur upp úr möl, sem vafalaust er framburður Víðimýrarár. Jón telur að uppstreymi vatnsins sé tengt NA-lægum berggangi sem sést fremst í gili Víðimýrarár.

Árið 1972 var gerð ein viðnámsmæling á svæðinu og aftur önnur 1975 í landi Víðidals. Samkvæmt Axel Björnssyni deildarstjóra þá benda báðar þessar mælingar til að ekki sé verulegur jarðhiti í efstu 650-700 m. Niðurstöður beggja mælinga sýna að Víðimýri liggur utan lágviðnámssvæðisins sem mælist kringum jarðhitann í Varmahlíð. Árið 1980 tók undirrituð vatnssýni til efnagreiningar úr 11 C heitri volgru í landi Víðiholts. Niðurstöður efnagreiningar á sýninu benda til að vænta megi um 40 C heits vatns á meira dýpi.

Í ljósi niðurstaðna viðnámsmælinga og fremur lágs djúphitastigs vatnsins úr volgrunni er ekki talið skynsamlegt að leggja út í fjárfrekar rannsóknir og boranir á þessum stað. Þó mætti reyna að grafa eða að bora með ódýrum bor í eða við volgruna ef takast mætti að fá heldur heitara vatn og meira rennsli til nota í varmadælu. Skynsamlegt væri, a.m.k. ef lagt væri í borun, að gera frekari staðarkönnun og athuga hvort rekja má legu berggangsins með segulmælingum.

Hrefna Kristmannsdóttir

GREINARGERÐASAFN